

Nd. 511. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 25. janúar 1952.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt sem aðilar taka gilt að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, fötlunar, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta hefur þá eina breytingu í för með sér á 1. gr. laga um heimilishjálp í viðlögum að hjálpin verði einnig veitt vegna fötlunar. Eins og lögín eru nú er fötlun ekki sérstaklega tilgreind í 1. gr. laganna. Brögð eru að því að aðilar hafi reynt að skjóta sér undan þjónustu við fatlaða skv. þessum lögum með tilvísun til laganna um aðstoð við fatlaða.

Taka ber af öll tvímæli um þetta og þess vegna er frv. þetta nú flutt öðru sinni.